

Nd.

233. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um skemtanaskatt.

Flutningsm. Gísli Sveinsson.

1. gr. frv. orðist svo:

Bæjarstjórnnum og sveitarstjórnnum skal heimilt að leggja skatt til bæjar- eða sveitarsjóðs á skemtanir fyrir almenning, sem aðganga er seld að, aðrar en þær, sem einvörðungu eru söngskemtanir eða reglulegar leiksýningar, eða málverka-, höggmynda- og dráttmyndasýningar. Með reglugerð, sem bæjarstjórn eða sveitarstjórn semur og dómsmálaráðherra staðfestir, má enn fremur undanþiggja skattinum skemtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni, eða í vísindalegum eða fræðandi tilgangi, enda skeri dómsmálaráðherra úr, ef ágreiningur verður um þetta efni.